

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Með því fyrirkomulagi sem lagt er til í minnisblaði samgöngunefndar munu framkvæmdirnar verða greiddar með nefskatti sem er óháður efnahag greiðandans. Það ætti að vera grundvallaratriði að aðgangur að undirstöðukerfum þjóðfélagsins svo sem mennta-, heilbrigðis- og vegakerfinu sé gjaldfrjálst eða taki amk tillit til greiðslugetu notandans. Þessu markmiði er hægt að ná (að hluta) með því að greiða framkvæmdir með skatttekjum ríkisins.

Til þess að gera fjármögnun vegakerfisins sýnilegri er hægt, ef menn vilja, að færa tekjur sem samsvara þeim upphæðum sem veggjöldin eiga að skila til tekna í sjóði sem sér um fjármögnun tiltekinna verkefna.

Undirritað: GUÐLAUGUR GAUTI JÖNSSON